

## Fræðsluráð Reykjanesbæjar 356. fundur 11. nóvember 2022

### Greinargerð um ókeypis tíðarvörur á salernum grunnskóla Reykjanesbæjar

Fulltrúar ungmennaráðs Reykjanesbæjar mættu á fund bæjarstjórnar 1. nóvember 2022. Á fundinum lagði ungmennaráð áhugaverðar hugmyndir á borð bæjaryfirvalda í Reykjanesbæ um málefni sem varða yngri íbúa sveitarfélagsins.

Meðal hugmynda er að grunnskólar Reykjanesbæjar komi til móts við leghafa með aðgangi að ókeypis tíðarvörum á salernum skólanna. Fulltrúi ungmennaráðs sem mælti fyrir hugmyndinni benti á að hugsa þyrfti til nemenda sem eru að byrja á blæðingum. „Að byrja á blæðingum er óumflýjanlegt og eitthvað sem er sjálfsagðasti hlutur í heimi. Samt kostar það helming íbúa jarðar heilmikið og þessu hefur fylgt skömm og vandræðagangur í alltof langan tíma,“ sagði fulltrúi ungmennaráðs sem bar tillöguna upp á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.

Ungmennaráð vísar til þess að boðið er upp á ókeypis tíðarvörur á salernum í félagsmiðstöðinni Fjörheimum í Reykjanesbæ þar sem þær eru í svokölluðum „bleikum kassa“. Tilraunin er sögð hafa gengið mjög vel og ungmennaráð vill að grunnskólar Reykjanesbæjar fylgi í kjölfarið. „Til að stuðla að auknu jafnrétti fyrir leghafa og fjölskyldur þeirra ættu tíðarvörur að vera leghöfum kostnaðarlausar, sérstaklega í grunnskólum Reykjanesbæjar. Skattur á tíðarvörum hefur sem betur fer lækkað frá 24% niður í 11% en betur má ef duga skal,“ segir í tillögu ungmennaráðs.

Ungmennaráð leggur til að einhvers konar geymsla fyrir tíðarvörur verði á að minnsta kosti einu salerni í hverjum grunnskóla í Reykjanesbæ. Þangað geti nemendur sótt slíkar vörur þegar þeir þurfa á þeim að halda. Þetta geti aukið vellíðan og sjálfsöryggi nemenda sem ekki vilja deila því að þeir hafi þörf á tíðarvörum.

Fræðsluráð fagnar áhugaverðri hugmynd frá ungmennaráði og tekur undir það sjónarmið að með þessum hætti geta grunnskólar Reykjanesbæjar stuðlað að auknu jafnrétti og aukið vellíðan leghafa sem stunda nám við grunnskóla sveitarfélagsins. Reykjanesbær fylgir þannig fordæmi annarra sveitarfélaga og ríkisins þar sem viðlíka fyrirkomulag hefur verið tekið upp í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Verkefnið fellur einnig vel að vinnu síðastliðinna tveggja ára við að gera Reykjanesbæ að barnvænu samfélagi með innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### Tillaga

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðslusviðs að meta kostnað við það að boðið verði upp á ókeypis tíðarvörur á að minnsta kosti einu salerni í hverjum grunnskóla Reykjanesbæjar. Samhliða kostnaðarmati verði í samstarfi við skólastjórnendur unnið að tillögum að útfærslu í hverjum skóla fyrir sig.